

Fundur settur 15:22

Fundarstjóri: Daníel

Fundarritarar: Alda & Steina

Bæði samþykkt einróma

Engar kvaðir í lögnum um lögmæti aðalfundar - rétt var til hans boðað svo samþykkt einróma að hann sé orðinn lögmætur

Alda les upp skýrslu stjórnar yfir árið -

<https://docs.google.com/document/d/1OLDR5AZIRKci510ObDj-8150S1rISfN6MZckesyEIXE/edit?usp=sharing>

Steina fyrir yfir ársreikningana - erum á fínum stað með nokkuð af pening í styrkjum fyrir verkefni. Þarf aðeins að laga til bókfærsluna vegna fyrirframgreidds kreditkorts - upphæðirnar eru réttar.

Mikil virkni í félaginu þrátt fyrir minni þátttöku í félagslífinu

Ársskýrsla og ársreikningar samþykkt einróma. Ársreikningur er samþykktur með fyrirvara um smábreytingar.

Lagabreytingar

Kosningar

Óskað eftir framboðum

Saga Eir í ritara

Davíð Illugi í gjaldkera

Guðrún Sæborg í meðstjórnanda

Vallý í meðstjórnanda

Halla í meðstjórnanda

Guðrún ákveður sig að bjóða sig fram í Varaformann og tekur meðstjórnanda framboð tilbaka.

Halla og Vallý kynna sig.

Gengið er til kosninga um meðstjórnanda. Vallý er kosið meðstjórnandi.

Trúnaðarráðskosning: Halla og Alexander.

Kosið um félagsgjald. Samþykkt samhljóða að gjaldið sé óbreytt. Umræða um að lægra gjaldið sé opið þeim sem ekki hafa tök á að greiða fullt gjald vegna aðstæðna.

Hefst nú umræða um lagabreytingar.

Orðabreyting fyrir öll lögin - breytingartillaga samþykkt óbreytt

Upptalning á kynvitundartengdum orðum - breytingartillaga samþykkt óbreytt

1. kafli

Ein breyting á tillögu samþykkt:

Markmið félagsins er að vera í virkum samskiptum við tengd félög.

Rest er samþykkt óbreytt.

2. Kafli

3. Er breytt í "Samþykkt félagsgjalds."

Bætt við 4: Að gefnu samþykki stjórnar, með eða án aðstoðar."

Rest er samþykkt óbreytt.

3. Kafli

Breytingartillaga samþykkt í heild sinni óbreytt.

4. Kafli

Breytingartillaga samþykkt í heild sinni óbreytt.

Fundarstjóri lýsir yfir að þessar lagabreytingar hafi verið óvenju skemmtilegar.

Önnur mál:

Svanhvít tekur til máls og hvetur nýja stjórn að funda við fráfarandi stjórn vegna ýmissa verkefna.

Davíð Illugi: Leggur til að stofna facebook grúpu fyrir Trans konur.

Spyr líka áhlits um íþróttir og kynjun innan íþróttta. Að TÍ gæti þá beitt því fyrir sér að minnka þessa kynjaskiptingu, sérstaklega þegar kyn ætti alls ekki að skipta neinu máli. Alda og Alex og fleiri taka undir og leggja til samstarfs við íþróttafélögin og feministafélög á Íslandi.

Guðrún ber aðalfundarályktunartillaga: sett sé eitthvað á heimasíðuna varðandi upptalningu á hinsegin og trans orðum og orðskýringar. Það er samþykkt.

Steina biður alla um að skrifa undir banka skjal.

Daníel ræðir um frumvarpið sem er í vinnslu og hvetur okkur til að halda áfram með þá vinnu. Talað er um að það ríkir pattstaða í frumvarpinu.

Fundið slitið 16.40 við lófatak.